

Mosfellsbær
Finnur Birgisson,
skipulagsfulltrúi
Þverholti 2
270 Mosfellsbær



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 7. september 2012
Tilvísun: UST20120500153/ksj

Tillaga að aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011 - 2030. Umsögn

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar er barst 25. maí sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011 – 2030.

Megininntak endurskoðunar

Í tillögu að aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030 kemur fram að ásamt því að yfirfara og endurmeta gildandi leiðarljós, meginmarkmið og undirmarkmið er megininntak endurskoðunar eftirfarandi: Skilgreining þéttbýlismarka, framtíðarbyggingarsvæði, athafnasvæði/iðnaðarsvæði, frístundabyggð, opin svæði til sérstakra nota, þ.e. hesthúsasvæði og ævintýragarður, blönduð landnotkun, íbúðarsvæði/landbúnaður, Vesturlandsvegur, sambúð vegar og byggðar í Mosfellsbæ, tengibrautir, endurskoðun skilgreininga, hverfisverndarsvæði, náttúruverndarsvæði við Varmárosa, leiðréttigar, vatnsverndarsvæði, leiðréttigar.

Umhverfi

Umhverfisstofnun tekur undir meginmarkmið þau er fram koma í umfjöllun um umhverfismál, náttúruvernd og náttúrumínjar, auðlindir og auðlindanýtingu.

Mosfellsdalur

Í umfjöllun um framtíð Mosfellsdals kemur fram að þar er áætluð blönduð landnotkun sunnan Þingvallavegar. Einnig kemur fram að á svæðinu er gert ráð fyrir dreifðri byggð með stórum lóðum og að þéttleiki byggðarinnar verði um 1 íb/ha. Svæðið er alls 174 ha og er gert ráð fyrir að þar megi byggja um 100 íbúðir til viðbótar þeim sem fyrir eru. Umhverfisstofnun bendir á að svo dreifð byggð hefur í för með sér lengri veglengdir fyrir íbúa að þjónustu sem þýðir meiri akstur innan bæjarfélagsins. Umhverfisstofnun tekur undir markmið sveitarfélagsins um eflingu almenningssamgangna sem fram koma í umfjöllun um umhverfismál og telur mikilvægt að þau markmið náist samhlíða uppbyggingu svo dreifðrar byggðar.

Landbúnaðarsvæði

Fram kemur í umfjöllun um landbúnaðarsvæði að gert er ráð fyrir tveimur nýjum landbúnaðarsvæðum í aðalskipulagstillöggunni. Annað þessara svæði er svæði á Langahrygg austan Leirtjarnar og auðkennt með (228L) á sveitarfélagsupprætti er fylgir skipulagstillöggunni. Áætlað er að kjúklingastofneldi fari fram á ofangreindu landbúnaðarsvæði og er gert ráð fyrir að þar verði stæði fyrir 12.000 – 15.000 holdastofnfugla. Umhverfisstofnun bendir á að áætluð starfsemi er í nágrenni við fjarsvæði vatnsbóls. Einnig kemur fram á þemakorti yfir svæði er falla undir 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd að svæðið er einnig í nágrenni viðvottlendi. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að votlendi verði ekki skert ef þess er nokkur kostur, og öll meðhöndlun úrgangs sé í samræmi við reglugerð 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns.

Verndarsvæði

Umhverfisstofnun telur til fyrirmynadar að í umfjöllun um náttúruverndarsvæði kemur fram að jarðmyndanir og vistkerfi er njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 eru sýnd á sérupprætti 5.1 er fylgir ofangreindri aðalskipulagstillögu. Einnig tekur stofnunin undir kaflann um önnur svæði þar sem fram kemur að umhverfisnefnd Mosfellsbæjar hefur unnið að friðlysingu fossa innan sveitarfélagsins. Umhverfisstofnun tekur einnig undir það að unnið er að könnun möguleika á friðun fleiri svæða.

Umhverfisskýrsla

Útfærsla Vesturlandsvegar í péttbýli Mosfellsbæjar

Í umfjöllun um Vesturlandsveg eru settir fram nokkrir valkostir um útfærslur er taldar eru duga til lengri framtíðar, ef Sundabraut yrði komin til sögunnar áður en íbúafjöldi næði 23.000 manns. Sú lausn sem valin var í endurskoðun aðalskipulagsins kveður á blandaða lausn, mislæg vegamót og gatnamót í plani. Tillaga um að setja Vesturlandsveg i stokk við miðbæjarsvæði Mosfellsbæjar er sett fram í umfjölluninni um framtíðar lausnir. Umhverfisstofnun bendir á að niðurgrafnir stokkar geta haft í för með sér áhrif á grunnvatnsflæði.

Akstursíþróttasvæði á Tungumelum

Fram kemur í umfjöllun um ofangreint svæði að samningur er á milli Mosfellsbæjar og Motomos um afnöt af afmörkuðu landsvæði fyrir akstursíþróttir á Tungumelum. Umhverfistofnun bendir á að skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum eru varanlegar kappaksturs- og reynsluakstursbrautir fyrir vélknúin fyrirtæki framkvæmdir er falla undir 2. viðauka ofangreindra laga og eru því framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfang og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum.

Nýtt hesthúsasvæði í Mosfellsbæ

Umhverfisstofnun fagnar þeirri vinnu er lögð var í ákvörðunartöku varðandi nýtt hesthúsahverfi og telur að besti kostur hafi verið valinn. Stofnunin vill þó benda á að svæðið er innan vatnasvæðis Koldukvíslar og þarf því að gera viðeigandi ráðstafanir vegna hættu á mengun.

Brennimelslína 1

Umhverfisstofnun er sammála þeirri ályktun skipulagsins að ný leið línunnar sé betri kostur en fyrri lögn hljóðaði uppá út frá þeirri áætlun að línan hækki í 400 kv og muni því hækka og breikka óháð legu hennar. Lega línunnar mun liggja yfir óraskað land og vatnsvendarsvæði Stofnunin vill í því ljósi benda á nauðsyn þess að viðeigandi ráðstafanir verði gerðar áður en til framkvæmda kemur s.s. ráðstafanir til þess að halda raski í lágmarki, leitað verði leiða til þess að hætta á mengun verði sem minnst og gerð verði viðbragðsáætlun vegna mögulegra mengunarslysa.

Virðingarfyllst

H. Birna Guð.

Aðalbjörg B Guttormsdóttir

Deildarstjóri

Kristín S. Jónsdóttir

Kristín S Jónsdóttir

Sérfræðingur

Skipulagsstofnun